

HEIMIR

V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

3. blað.

Heill en ekki hálfur.



OF MARGIR AF ÞEIM, sem frjálsslyndi unna í trú-
málum, eru hræddir við að láta það koma greini-
lega í ljós, með því að ganga í lið með þeim, sem
eru að berjast fyrir útbreiðslu frjálsslyndisins. Eg
er ykkur samdóma, og eg ann félagsskap ykkar alls
hins bezta gengis, segir margur. En þegar til þess kemur að
vera ákveðinn með, þá eru nógar mótbárur; það sé nú ekki svo
þægilegt fyrir sig; það geri svo sem minnst til, þó nafnið manns
sé hvergi, aðalatriðið sé hvaða skoðun maður hafi.

Það er tvent í svona löguðum hugsunarhætti, sem þarf að
athuga. Fyrst, hverskonar áhrif hann er líklegur til að hafa
fyrir þann sem hann hefir, og í öðru lagi áhrif hans á málefnið.

Sá er kallaður slæmur liðsmaður, sem hlífir sér í erviði og
hættum. Fáir vilja vinna að nokkru verki með honum, og
hann má eiga von á því, að sér sé brugðið um hinn ódrengi-
legasta af öllum mannlegum ókostum — bleyðiskap. Að standa
fremstur í fylkingu hefir jafnan þótt sæmdar merki á hverjum
manni, og þeir, sem það hafa gert, hafa æfnlega borið mestan

heiður úr bítum þegar lífsreikningurinn hefir verið gerður upp af óvilhöllum mönnum. Sá sem mikið vill á sig leggja til þess að það starf, sem hann tekur þátt í, geti gengið greiðlega er góður liðsmaður. Menn bera gott traust til hans, og menn bera virðingu fyrir honum fyrir ósérhlífni hans og ötulleik. Til hins, aftur á móti sem er sérhlífinn, bera samverkamennirnir ekkert traust. Hvað mikið sem hann talar um að æskilegt sé að verkið gangi vel, bætir það ekkert álit hans ef hann sýnir ekki að sér sé alvara með því að vinna ósleitilega sjálfur. Hann verður að snámenni í allra augum, og að síðustu í sínum eigin augum, þar sem aftur á móti ósérhlífni maðurinn vex og verður að meiri manni, bæði í meðvitund annara og sinni eigin, eftir því sem hann sýnir drenglyndi sitt oftar.

Svona er því varið við öll störf lífsins þar sem menn vinna hver við annars hlið. Þar er það að gera sinn hluta af verkinu jafnan talinn langbezti kosturinn á hverjum manni.

Alt félagslíf, hverju nafni sem nefnist, er samvinna. Menn mynda félög málefnum til stuðnings vegna þess að reynslan sýnir að með því verður tilganginum, nefnilega viðgangi málefnsins, betur náð, heldur en með því að hver og einn vinni útaf fyrir sig. Félagsskapurinn er nauðsynlegt meðal til þess að aðaltilganginum verði náð. Það má líkja honum við verkfærið, sem unnið er með. Hvaða þýðingu hefir það nú fyrir manninn sjálfan að hann starfi í þeim félagsskap er heldur fram þeim málefnum, er hann álitur að vera góð málefni, og hann vill að verði sigursæl? Það hlýtur að minnsta kosti að hafa þá þýðingu að gefa honum meðvitund um að hann liggir ekki á sínu liði, hann hlýtur eins og hver ósérhlífinn starfsmaður að finna til þess að hann gjöri skylda sína, og að honum ber réttur hluti þess heiðurs, sem sigri málefnsins er samfara. En hinn maðurinn, sem ekki vill vinna með þeim, sem hann er þó samdóma hvað skoðanir snertir, hlýtur að hafa hið gagnstæða á sinni meðvitund. Hann hlýtur að kannast við með sjálfum sér að hann sé sérhlífinn; og hann hlýtur einnig að hafa það álit á sjálfum sér í augum annara. Hann lætur aðra gera það sem er hans skylda að gera. Hann ætlar sér að njóta ávaxtanna án

þess að hafa tekið þátt í erviðinu. Afstaða hans er ógöfug og ódregileg. Hún getur ekki annað en haft niðurlægjandi áhrif á hugartar hans. Það er í raun og veru ekkert eins ilt, og jafnskaðlegt fyrir drenglyndi einstaklingsins og að vita sig á einhvern hátt hluttakandi í því, sem hann hefir ekki unnið fyrir og þarafleiðandi ekki verðskuldar. En einmitt hjá því verður ekki komist þegar um fylgi málefna er að ræða. Ef eg á annað borð hefi stefnu, og þeirri stefnu er haldið fram af einhverjum flokki manna, þá er eg hluttakandi í því sem þeim flokki verður áorkað hvort sem eg hefi gjört mikið eða ekki neitt þeim flokki til stuðnings. Í mannfélaginu eru ávextir þess starfs, sem í þarfir opinberra málefna er unnið, í rauninni allra manna eign jafnt; það getur enginn maður afsalað sér þeim, hversu feginn sem hann vildi. Þess vegna getur enginn maður sagt að málefnið sjálf, og það sem unnið er í sambandi við þau, komi sér ekkert við. Það kemur hverjum og einum við, og það er ekkert nema skammsýni að halda að maður eigi að láta alla hluti afskiptalaus vegna þess að maður sé ekki neyddur til annars, og oft og einatt verður sú skammsýni að þeirri löðurmannlegu hugsun, að hlífa sjálfum sér vegna þess að aðrir muni taka á sig alt erfiðið.

Áhrif þessa sérhlífis hugsunarháttar á málefnið sjálf eru, eins og allir vita, hin skaðlegustu. Margt gott málefni hefir beðið ósigur vegna hans. Viðgangur hvers málefnis er að mestu leyti undir því kominn að það hafi fylgjendur; ekki velunnara, sem ekkert gjöra sjálfir, heldur blátt áfram starfandi fylgjendur, sem veigra sér ekkert við að standa í broddi fylkingar og taka þátt í öllu því sem er erfiðast. Þesskonar fylgi þurfa öll góð málefni að hafa, og að öðru fylgi er þeim í raun og veru lítið gagn. Engri byrði verður lyft á þann hátt að menn standi í kring um hana og óski að hún lyftist sjálfkrafa. En hvað þungri byrði sem er verður lyft á þann hátt að margir leggi fram einhvern hluta afis síns til að lyfta henni. Sé þeir margir sem það gera þarf það sem hver um sig leggur fram ekki að vera mikið. Svona er því einnig varið með málefnið. Þau vinnast aðeins með því að þeim sé fylgt fram. Og eftir því sem fleiri gera það eftir því vinnast þau fyr og betur.

Enginn vill víst láta skoða sig sem styrktarmann tveggja gagnstæðra skoðana, en þó eru margir það í raun og veru. Menn ljá þeirri skoðun, sem þeir álíta ranga, oft lið sitt með því að fylgja ekki ákveðnir þeirri, sem þeir álíta rétta. Allir þekkja dæmi þess, að málefni verði fyrir miklum hnekki vegna þess að menn, sem segjast vera þeim hlyntir, sýna það ekki í verkinu. Að vera ekki beinlínis með er oft að vera óbeinlínis á móti. Öll málefni tapa í raun og veru á stefnuleysinu og hringlandaskapnum. „Það hefir enginn gagn af því auganu sem hann sér ekki með“, og það er ekkert lið í þeim neinstaðar, sem hvergi vilja vera einlægir og óskiftir. Sá sem vill gera einhverju málefni gagn, getur engan veginn betur gert það en með því einu, að kannast við að hann sé fylgjandi þess.

Það þykir bera vott um frjálsslyndi og umburðarlyndi við alla að vera ekki ákveðinn fylgismaður neins. En geta menn orðið svo frjálsslyndir, að vilja ekki fylgja frjálsslyndinu sjálfu, eða svo umburðarlyndir að geta ekki unnið með þeim, er viðurkenna sjálfsagðan rétt og skyldu hvers manns að hugsa fyrir sig sjálfur? Fer ekki svipað fyrir þessum mönnum og uglunni, sem hélt fram að tunglið væri bjartara en sólin? Það var náttugla, sem aldrei hafði séð sólina. Þess veða fanst henni sjálfsagt að ekkert gæti verið bjartara en glætan sem hún hafði vanist. Margir eru svo hrifnir af sínu eigin frjálsslyndi í trúmálum t. d. að þeir sjá ekki, að þetta þeirra eigin frjálsslyndi er bara eins og dauft tunglskin í samanbúi við sólskin, þegar það er borið saman við frjálsslyndi þeirra, er hafa gert frelsi og framför í trúmálum að sínu málefni. Oft er líka frjálsslyndistalið ekkert annað en viðbára, sem er annaðhvort bygð á misskilningi eða viljaleysi til þess að taka nokkra ákveðna stefnu.

Það er hverjum manni til sæmdar að vera hreinn og beinn og ákveðinn fylgjandi þess málefnis, er hann hefir sannfæringu um að sé gott málefni. Og til þess að geta verið það þarf hann að vera starfandi meðlimur í þeim félagsskap, er leitast við að útbreiða það málefni. En það má aldrei gleymast að félagskapurinn sjálfur er aldrei annað en verkfæri til að framkvæma eitthvað það, sem menn aðeins geta framkvæmt í sameiningu.

Það er málefnið en ekki félagið, tilgangurinn en ekki meðalið, sem menn ætti að hafa fyrir augum fyrst og fremst. Áhuginn fyrir málefninu ætti að vera undirrót starfseminnar, en starfsemin verður að fylgja á eftir, og hún verður að vera í sameiningu við aðra, sem einnig bera áhuga fyrir málefninu. Það er vor persónulegur hagur, og það er hagur hvers þess málefnis, sem vér unnum, að vér gerum vörn skerf af starfinu, sem það útheimtir, með heilum huga.

G. Á.



REYNSLA OG SKÁLDSKAPUR.

Skáldin hafa efni á
 ótal fleiru en nutu—
 Stundum málar þeirra þrá
 það sem aldrei hlutu.

’08

Stephan G. Stephansson.

KARLMENNIRNIR

Séum við ei, sætur ljósar!
 Sérstaklegir Kvenna-Bósar,
 Erum við flestir, fljóðið bjarta!
 Fjölkvænis-menn enn í hjarta.
 Það er að segja: af heimsku hreinni
 Höfum dást að fleiri en einni—
 Vildir þú, ef vel er kannað,
 Viljug breyta mér í annað?

Stephan G. Stephansson.

„Brahmo==Somaj.”

Ræða eftir Prof. G. SUBBA RAU frá Calicut á Indlandi, flutt á þingi Unitara og annara frjálstrúarmanna í Boston í Sept. 1907.

ÞAD er síður nú á dögum að lofa hið raungæfa en gera lítið úr hinu hugsjálega. Vér lifum í raungæfum heimi en vér lifum fyrir hugsjónir og hugsjálegan heim. Hið raungæfa kemur og hverfur, en hið hugsjálega varir. Kristni heimurinn t. d. ætti aldrei að sleppa hugsjóninni um guðsríki á jörðu, þó að sú hugsjón verði ekki að virkileik hvorki á tíu árum né tíu öldum. Hugsjónirnar þroskast hjá oss. Þær eru vafalaust fullkomnar í meðvitund guðs, en hjá oss mönnunum renna þær upp sem dagurinn og þroskast, þær komast betur og betur inni meðvitund manna og koma í ljós í lífi þeirra. Vér getum ekki skapað hugsjónir, en vér getum tileinkað oss þær; vér getum ekki fundið þær upp alt í einu. En fyrst þessu er nú þannig varið, hvað get eg þá sagt ykkur um Brahmo-Somaj? Mundi yður undra mjög mikið á því, þó eg hefði ekkert nýtt eða áður óheyrnt að flytja yður, sem felst í hugsjónum þess. -

Brahmo-Somaj er tiltölulega ungt félag. Nafnið þýðir: „Félag guðsdýrkenda“, eða blátt áfram, „Guðstrúar-félagið“. Það má segja að það hafi verið til síðan árið 1830, er stofnandi þess, hinn mikli Raja Ram Mochan Roy vígði hið fyrsta musteri þess í Calcutta. Það er þessvegna nútíðar hreyfing en hugsjónirnar, sem það hefir leitast við að benda mönnum á, og hvetja þá til að fylgja, eru mjög gamlar. Þær finnast í forn-bókmentum vorum, og eg vil segja að þeir finnist í öllum trúarritum heimsins. Tilgangur félags vors er sá, að vinna að því að hugsjónir þessar verði smám saman að virkileik í lífi fólksins á Indlandi. Ef eg á að gefa yður í fáum orðum hugmynd um, hverjar hugsjónir þess séu, verður það máske á engan annan hátt betur gert en með því að nefna þessi fjögur orð: ljós, frelsi, trygð, kærleikur.

Ljós— Eg hefi lesið um þýzka spekinginn Goethe að þegar hann dó hafi hann hrópað: „Ljós, meira ljós!“ Vér Austur-

landabúar höfum verið að læra um ljósið, og höfum tilbeðið það frá fyrstu tímum. Fyrir fimm þúsund árum, eftir því sem fræðimenn Vesturlanda segja, á meðan sagan var enn óskráð, áður en gríska og rómverska þjóðin var til, sungu vitringar hins forna Indlands sálm, sem enn í dag er sunginn af hverjum manni á Indlandi við daglega guðsdýrkun sína. Yður mun finnast hann áhrifalítill, en hann er þvert á móti fyrir þá, sem hafa hann yfir á hverjum degi.

„Ó, þú ljómandi vera,
 skapari als þess sem er.
 Vér hugleiðum þína hjálpanði dýrð.
 Láttu ljós þitt skína í sálir vorar!“

Já, vér höfum tilbeðið ljósið, og félag vort fylgir sömu stefnu og benda á ljósið. Það æskir eftir ljósi, og ljósið kemur ekki einuöngu úr austri, heldur alstaðar að, og vér könnumst við þann sannleik. Og þessvegna viðurkennum vér spámenn allra landa og ritningar allra þjóða í félagi voru. Vér berum lotningu fyrir Jesú jafnt og Buddha. Vér höfum Mohammed og Zoroaster í heiðri, og við guðspjónustur vorar notum við jöfnum höndum Bhagavad Gita ¹⁾, Koraninn ²⁾ og Zend Avesta ³⁾ bækurnar. Og á veggjum margra kyrkna vorra á Indlandi munduð þér finna útdrætti úr mörgum trúbókum heimsins.

Frelsi— Hvaða land hefir öllum öðrum fremur verið vagma mismunandi trúarbragða? og hvar hefir trúarlíf fólksins verið samgrónast daglegu lífi þess? Á Indlandi. Og getið þér sagt mér, eða á eg að segja yður, hvar ofsóknir í nafni trúarbragðanna hafa verið óþektar? Eg undanskil stutt tímabil undir stjórn vissra Múhamedstrúar stjórnenda. Að því tímabili undanteknu hafa trúarofsóknir aldrei þekst á Indlandi. Um-
 burðarlyndi og hugsanafrelsi hefir ekki einungis viðgengist, heldur einnig verið látið óhindrað. Vér höfum frásögur af þingum, sem voru haldin í því skyni að ræða um trúmál við hirðir þjóðhöfðingja á Norður-Indlandi fyrir þrjú þúsund árum síðan. Mér þykir fyrir að hafa ekki í frásögnunum séð neinstaðar getið um

1) Eitt af elztu helgiritum Hindúa. 2) Trúbók Múhamedstrúarmanna.

3) Ritningar Zoroasters og fylgjenda hans.

fulltrúa frá Boston. Samt sem áður er það áreiðanlegt að þessi þing voru haldin, þó ekki væru þar fulltrúar frá öllum löndum. Já, frelsi hefir verið eitt af meginatriðum trúarlífsins á Inlandi.

Næsta orðið er trygð.— Frelsi frammi fyrir heiminum, og trygð við ljósið,— trygð við það ljós sem býr í sálum vorum. Trygð hefir verið eitt af meginatriðum trúarlífs þjóðar vorrar,— meginatriði, sem félag vort, Brahma-Somaj, hefir tekið upp á sína stefnuskrá og leitast við að gera að sannfæringu fólksins. Trygð bendir á, að eitthvað sé til, sem knýr menn til að vera trúir og sýna hollustu, eitthvert lögmál, sem menn hlýða.

Það er eitt orð vor á meðal sem sýnir þenna sannleika. Það er orðið „Karma“ — verknaður. Þýzkur fræðimaður einn getur einhversstaðar um ofurlítið atriði, sem kom fyrir hann á ferðalagi á Inlandi. Hann mætti manni, sem var fæddur blindur, og spurði hann hvað hann héldi að væri orsök þess að hann væri blindur. Blindi maðurinn svaraði rólega: „Það hlýtur að vera afleiðing einhvers ills verks, sem eg framdi í mínu fyrra lífi.“ Þér getið kallað þetta hjátrú, forlagatrú eða hvað sem þér viljið, en það er eitthvað stórkostlegt við þá hugsun að kannast við að ekkert sé óréttlátt, að í alheiminum sé réttlæti, að eins og vér sáum munum vér og uppskera, og það jafnvel þó vér vitum ekki nákvæmlega hvar og hvenær, að vér verðskuldum það sem vér verðum að þola. Það er eitthvað við þessa hugsun. Það er ekki nauðsynlega forlagatrú. Þessari kenningu er haldið fram í hinn mest virtu bók Hindua, Bhagavad Gita; og samt er spjaldanna á milli í henni þeirri fögru kenningu haldið fram, að vér verðum að starfa og stríða án tillits til afleiðinganna.

Í einu gömlu riti er djúp tilfinning deyjandi manns látin í ljósi. Maðurinn segir: „Ó, þú andi minn, snú þú aftur til hins ódauðlega lofts; ó, þú líkami minn, hverf og verð að dufti; en sála mín, mundu, mundu, mundu eftir verkum þínum.“

Vér hlýðum lögmálinu, en vér skoðum það sem lögmál kærleikans; ekki hefndarinnar lögmál, sem refsar til þess að bæta og hefja upp. Það er kærleikans lögmál— lögmál, sem

er vilji kærleiksriks föður og móður. Og þá komum vér að síðasta orðinu — kærleikur.

Vesturlanda fræðimenn hafa lagt sig mjög eftir því að skilja heimspeki vora, en það er eitt sem þeir hafa yfirleitt ekki getað skilið til fulls, og það er hið hreina,— hið verulega trúarlíf Indlands. Það felst í orðinu kærleikur — í orðinu „bhakti“ eða „prema“, sem þýðir kærleikur. Í því felst kjarni trúarlífs fólks á Indlandi.

Það eru þrjár aðferðir til fullkomunar, sem nikið ber á í trúarlífi voru, — vegur þekkingarinnar, vegur kærleikans og vegur verkanna eða þjónustunnar. Vér, sem tilheyrum Brahma Somaj félagsskapnum, rotum alla þessa vegi, og viljum sameina þá, viljum gera þá að einum vegi, en leggjum þó sérstaklega áherslu á veg kærleikans, því hann leiðir til þekkingar og góðra verka.

Oss er þekkingin ekki nóg, vér viljum einnig hafa kærleikann, og oss er það jafnvel ekki nóg, vér viljum hafa hina dýrðlegu ávexti kærleiksrikrar og trúrrar þjónustu.

Þessi fjögur orð; ljós, frelsi, trygð og kærleikur, útskýra að nokkru leyti hugsjónir þær sem vér höfum átt, og sem Brahma-Somaj hefir gert að tilgangi sínum, að útbreiða og gera að lifandi sannfæringu á meðal fólks á Indlandi.

Starfið er mikið. 300,000,000 manna, og hér er lítið félag 75 ára gamalt, sem hefir tekið sér fyrir hendur að hefja upp fólk, sem er í ástandi, sem þér getið að nokkru leyti gert yður grein fyrir. Vér höfum hinar bestu gáfur, hin göfugustu hjörtu og hinn einbeittasta og óeigingjarnasta vilja, sem til er í landinu í þjónustu félags vors. Og, samt sem áður, ef þeir sem nú eru í félaginu ætti að afljúka verkinu einir mundi mikið af því verða ógert. En, því fer betur að hugsjónir vorar eru ekki eingöngu vorar hugsjónir. Þær hafa útbreiddst á meðal fólksins meir og meir. Þær liggja í loftinu. Það eru til tugir félaga og þúsundir einstaklinga, sem vinna að þvísama sem félag vort hefir unnið að í 70 ár. Og þannig heldur verkið áfram. Yður mun varla undra að enn er mikið ógert. Hver meðlimur Brahma-Somaj er trúboði og prédikari. Vér höfum fáar kyrkj-

ur og mjög fáa presta, sem er borgað fyrir starfa sinn og gera ekki annað. Og þeir sem fá borgun, fá aðeins nógu mikið til að geta lifað samkvæmt hinum fornu trúarbragðahugmyndum vorum og fyrirmælum. Vér vinnum allir. Og samt, í landi sem hefir 300,000,000 íbúa, sem eru undir hinni tvöföldu bölvun fátæktar og vanþekkingar, sem eru undir útlendri stjórn, er undirokar landið bæði stjórnmalalega og fjármunalega, þegar landið er í niðurlægingar ástandi, þegar ný lög eru stöðugt sam-in til að eyðileggja innlandan iðnað, í landi, þar sem hið opinbera kostar engu til almennrar uppfræðslu og þar sem mentun er svo dýr að hinir fátækari geta alls ekki orðið hennar aðnjótandi, í landi, sem hefir mörg ólík tungumál og ólíka lifnaðarháttu, í landi þar sem slæmt heilbrigðiseftirlit og fátækt orsaka árlega drepsóttir, er á sumum árum verða svo miljónum skiftir að dauðameini,— í landi sem hefir jafnmörg stjórnmalaleg, félagsleg, mentaleg og trúarbragðaleg vandkvæði við að berjast, furðar yður þó að þeir, sem aðhyllast hugsjónir þær er Brahmó-Somaj aðhyllist, hafi nóg verk fyrir höndum alla daga ársins? Já, og þeir gera það með glöðu geði, og hið bezta er, að þeir gera það ekki einir. Vér stærum oss ekki af því að standa einir á orustuvellinum. Vér höfum stórar hugsjónir til að vinna fyrir, en þessar hugsjónir eru líka eign annara, og margir af þeim tilheyra ekki félagi voru, en vinna samt að því sama. Í morgun hitti eg tvo menn af mínu þjóðerni, sem höfðu alist upp með kristnum mönnum. Eg er heiðingi, en í samtali mínu við þá fann eg, að þegar alt kom til alls var enginn munur á okkur; mínar hugsjónir og vonir voru þeirra hugsjónir og vonir, og við gætum unnið saman, hlið við hlið, mannfélaginu til blessunar. Annar þeirra eða máske báðir munu tala til yðar. Annar maður sem er fylgjandi spámansins¹⁾ mun einnig tala til yðar, og jafnvel orð hans verða ef til vill ekki ólík mínum.

Þannig, vinir mínir, störfum vér og vonum, og í heimi, sem stjórnast af guðs vilja megum vér búast við að vel fari meðan vér störfum með göfugar og varanlegar hugsjónir fyrir augum

1) M'hameds.

vorum. Eg hefi verið langorður, en leyfið mér að segja yður að eg er bjartsýnismaður. Þrátt fyrir alla erviðleika og vandræði, sem framundan eru, er eg altaf hughraustur. Það getur vel verið að það sé heimskulegt bjartsýni, en það er bjartsýni, sem eg held dauðahaldi í. Og mér þykir gaman að dreyma; og einn af draumum mínum, er að land feðra minna. Indland, megi áður en langt um líður eignast virðulegt sæti á meðal þjóða heimsins, og að landsmenn mínir, lausir við ranglæti kúgunarinnar og fyrirlitning hins brokafulla manns, geti lifað saman í friði og bróðerni, að hjá þeim verði ljósið, sem er lögmál kærleikans, bjartara og bjartara, og sýni betur og betur með degi hverjum ímynd guðs á ásjónum þeirra.

Þýtt af G. Á.

Undanfarandi ræða, sem er eftir einn af leiðtogum Brahmó-Somaj á Indlandi, er þýdd í þeim tilgangi að gefa lesendum „Heimis“ hugmynd um þessa ágætu hreyfingu, sem nú um mörg ár hefir staðið í mjög vingjarnlegu sambandi við Unítara hreyfinguna hér í Ameríku. Þrátt fyrir alla fjarlægðina, og þrátt fyrir ólíka hætti og ólíka sögu hafa þessar tvær hreyfingar stefnt í svo líka átt að báðar viðurkenna skyldleikann og eru nú að leitast við að kynnast hver annari sem bezt að auðið er.

Þýð.



Lispeth.

Saga eftir

Rudyard Kipling.

Hún var dóttir Sonoo, fjallabúa úr Himalaya fjöllum, og Jadeh konu hans. Eitt árið brást mais-uppskeran þeirra og tveir birnir komu eina nóttina og eyðilögðu valmúga-akurinn þeirra, rétt fyrir ofan Sutleg dalinn, Kotgarh megin. Svo næsta ár snerust þau til kristinnar trúar og komu með barnið sitt til trúboðans, til að láta skíra það. Kotgarh presturinn skúði barnið Elisabeth, en Lispeth er fjalla eða „pahari“ framburður. Seinna kom kóleran í Kotgarh-dalinn, og þá dóu þau bæði, Sonoo og Jadeh, og Lispeth varð að hálfu leyti undirtylla og að hálfu leyti stallsystir prestskonunnar í Kotgarh.

Þetta var eftir að Moravian trúboðarnir stjórnuðu staðnum, en áður en Kotgarh hafði alveg gleymt nafnbótinni: „Norður-hæða drotningin.“

Hvort kristindómurinn bætti Lispeth, eða hvort guðir hennar eigin þjóðar mundu hafa gjört eins mikið fyrir hana, undir öllum kringumstæðum, veit eg ekki, en hún varð mjög fægur. Þegar fjallastúlka er falleg þá er það vel þess virði að ferðast fimmtíu mílur, yfir vegleysur til að sjá hana.

Lispeth hafði grískt andlit, eitt af þessum andlitum sem menn mála svo oft, en sjá svo sjaldan.

Hún var fól á hörundslit, eins og flabein, og ákaflega hávaxin í samanburði við sitt fólk, og hefði hún ekki verið klædd í andstyggilegu lérestisfötin, sem fluttust með kristniboðinu, þá myndir þú, ef þú hefðir mætt henni að óvörum þar á hæðunum, hafa haldið að hún væri hin upprunalega Dána Rómverja á vígafarð.

Lispeth tók fljótt við kristninni og yfirgaf hana ekki þegar hún óx upp, eins og margar fjallastúlkur gjörðu. Fólkíð hennar hataði hana, vegna þess að hún hafði— eins og það komst að orði —orðið hvít kona og þvoði sér daglega; og prestskonan vissi ekki hvað hún átti að gjöra við hana. — Maður getur ekki beðið

tignarlega gyðju, sem er fimm fet og tíu þumlungar á hæð, að þvo upp diska og dalla.

Hún lék sér við prestsbörnin, gekk á sunnudagaskólann og las allar bækur sem til voru í húsinu, og varð æ fegurri og fegurri,— eins og prinsessurnar í álfasögunum. Prestskonan sagði að hún ætti að komast í þjónustu í Simla, sem hjúkrunarkona, eða eitthvað „fint“, en Lisbeth kærði sig ekkert um að komast í þjónustu, hún var mjög ánægð þar sem hún var.

Þegar ferðamenn— þeir voru ekki margir á þeim árum —komu til Kotgarh þá var Lisbeth vön að loka sig inni í herbergjum sínum, af ótta fyrir að þeir myndu taka sig með sér til Simla, eða eitthvað út í ókunna heiminn.

Einn góðan veðurdag, fáum mánuðum eftir að Lisbeth varð sautján ára gömul, tók hún sér dálitla skemtingu. Hún gekk ekki eins og enskar stúlkur gjöra,— hálla aðra málu út fyrir þorpið, til þess að láta aka sér til baka í vagni.— Hún fór yfir tuttugu til þrjátíu mílur á gönguferðum sínum; alla leið fram og aftur á milli Kotgarh og Narkunda. Í þetta sinn kom hún aftur þegar skuggsýnt var orðið, og stíkaði niður snarbratta hlíðina fyrir ofan Kotgarh, með eitthvað þungt í fanginu. Prestskonan sat hálfsofandi í gestastofunni, þegar Lisbeth kom inn, móð og míasandi og uppgefin, undan byrðinni. Hún lét hana niður í legubekkin, og sagði blátt áfram: „Þetta er maðurinn minn, eg fann hann á Bági-vegirum. Hann hefir meitt sig. Við skulum hjúkra honum. Þegar honum er batnað þá á maðurinn þinn að gifta okkur.“ Þetta var í fyrsta sinni sem Lisbeth hafði minnst á hjónaband og giftingar, og prestskonan hljóðaði upp af skelfingu.

En maðurinn á legubekknun þurfti fyrst eftirlits. Hann var ungur Englendingur, og hafði meitt sig illa. Höfuðið á honum hafði skorist inn að beini, á einhverju hrufóttu.

Lisbeth sagðist hafa fundið hann uppi í hlíðinni og borið hann heim. Hann andaði óreglulega og var meðvitundarlaus. Hann var látiinn bætta og presturinn, sem hafði ofurlitla lækniþekkingu, hjúkraði honum, en Lisbeth beið fyrir utan dyrnar, ef vera kynni að hún gæti eitthvað hjálpað.

Hún útskýrði það fyrir prestinum að þetta væri maðurinn sem hún ætlaði sér að giftast. Presturinn og kona hans héldu strangar ræður yfir henni fyrir ósæmilega hegðan. Lispeth hlustaði rólega á, en sat fast við sinn keip. Það þarf mikið af kristindómi til að útrýma ósiðlegum austurlanda eðlishvötum,— eins og að verða ástfanginn við fyrstu sjónhending. Lispeth, sem hafði fundið mann þann sem hún tilbað, gat ekki séð hvers vegna hún ætti að þegja yfir vali sínu. Hún hafði heldur ekki í hyggju að verða send í burtu. Hún ætlaði sér að hjúkra Englendingnum, þangað til honum væri batnað, og svo ætlaði hún sér að giftast honum,— það var hennar stefna.

Eftir hálfsmánaðar væga hitasótt fór Englendingurinn að ná sér aftur, og hann þakkaði prestinum og konu hans og Lispeth,— sérstaklega Lispeth —fyrir góðsemi þeirra.

Hann var ferðamaður á Indlandi, að hann sagði. —Það var aldrei talað um heims ferðalanga á þeim dögum, meðan póstskipaferðir voru fáar og í bernsku.— Hann hafði komið frá Dehra Dem, til að leita að jurtum og fiðrildum í Simla-hæðunum. Enginn í Simla þekkti neitt til hans. Hann hélt að hann hefði dottið fram af kletti, þegar hann var að teygja sig eftir burkna, á fúnum trjából, og að fylgdarmennirnir hefðu stolið farangrinum og hlaupið á burtu. Hann ráðgerði að fara aftur til Simla, þegar hann væri orðinn dálítið hressari, — hann kærði sig ekkert um meiri fjallagöngur. Hann flýtti sér ekkert að komast í burtu og var seinn að ná sér aftur.

Lispeth vildi hvorki þýðast ráðleggingar prestsins né konu hans, og þessvegna talaði prestskonan við Englendinginn, og sagði honum hvað Lispeth bjó í brjósti. Hann hlóg og sagði að það væri fallett og rómantískt, en þar eð hann væri trúlofaður stúlku heima, þá myndi ekkert slíkt koma til mála. Auðvitað myndi hann fara gætilega,— og hann gjörði það.

Samt sem áður þótti honum gaman að tala við Lispeth, að ganga með henni og segja henni ýmislegt fallett og kalla hana gælunöfnum, á meðan hann var að hressast til að komast í burtu. Það hafði alls enga þýðingu fyrir hann, en það var henni meira en allir hlutir í heiminum. Hún var mjög ham-

ingjusöm á meðan hann var þar, því að hún hafði fundið mann til að elska.

Þar sem hún var fædd af villimönnum, þá gjörði hún sér ekkert far um að dylja tilfinningar sínar, og Englendingurinn hafði skemmtun af. Þegar hann fór í burtu fylgdi Lispeth honum upp hæðina alla leið til Narkunda, mjög áhyggjufull og sorgbitin.

Prestskonan, sem var vel kristin, og illa við öll hneyksli, en sem gat alls ekki ráðið við Lispeth, — hafði bedið Englendinginn að segja Lispeth að hann atlaði að koma aftur og giftast henni.

„Hún er aðeins barn, eins og þú sérð, og eg er hrædd um að hún sé heiðin í hjarta sínu,“ sagði prestskonan. Svo allar tólf mílurnar, upp hæðirnar, var Englendingurinn með handlegginn utanum mittið á Lispeth, að fullvissa hana um að hann kæmi aftur til að giftast henni. Og hún lét hann lofa sér því aftur og aftur; og hún grét á Narkunda hæðinni, þangað til hann var horfinn sjónum hennar eftir veginum.

Þá þerrði hún af sér tárin, og fór heim til Kotgarh aftur og sagði við prestskonuna: „Hann ætlar að koma aftur og giftast mér. Hann fór heim til síns fólks, til að segja því frá því.“ Og prestskonan huggaði Lispeth og sagði: „Hann kemur aftur.“

Eftir tvo mánuði fór Lispeth að verða óþolinmóð. Þá var henni sagt að Englendingurinn hefði farið yfir hafð, til Englands. Hún vissi hvar England var, því hún hafði lesið ofurlitla byrjunarbók í landafræði. En auðvitað hafði hún enga hugmynd um hafð og eðli þess, af því hún var fjallastúlka. Það var gamall hnatt-uppdráttur til í húsinu, er Lispeth hafði leikið sér að þegar hún var barn. Hún gróf hann upp aftur, setti hann saman á kvöldin og grét með sjálfri sér, og reyndi að ímynda sér hvar Englendingurinn sinn væri niðurkemin. Þar sem hún vissi ekkert um fjarlægðir eða gufuskip, þá voru hugmyndir hennar fremur ógreinilegar. Það hefði staðið á sama þó hún hefði vitað það hárrétt, því Englendingnum datt alls ekki í hug að koma aftur til að giftast fjallastúlku.

Hann gleymdi henni alveg þegar hann var á fiðrildaveiðunum.

Hann skrifaði bók um austurlönd, eftir þetta, og þar var Lispeth ekki nefnd á nafn.

Þegar þrír mánuðir voru liðnir fór Lispeth daglega til Nar-kunda, til að sjá hvort Englendingurinn kæmi ekki eftir vegin-um. Það hughreysti hana, og prestskonan, sem sá að hún var ánægðari, hélt að hún væri að sleppa þessari villimannlegu og ruddalegu heimsku sinni.

Nokkru seinna hjálpuðu þessar ferðir ekki lengur og hún varð mjög skapstyggt. Þá hélt prestskonan að væri haganlegur tími til að láta hana vita hvernig í öllu lá;— að Englendingurinn hefði lofað að elska hana, aðeins til þess að hafa hana rólega;— að hann hefði aldrei meint neitt, og að það væri rangt og ósæmlegt af henni að hugsa til að giftast Englendingi, sem bæði væri af *harri stigum* og þar að auki hefði lofast til að giftast stálku af sínu eigin fólki.

Lispeth sagði að þetta væri hreint ómögulegt, vegna þess að hann hefði sagt að hann elskaði hana og að prestskonan hefði með sínum eigin orðum fullyrt að Englendingurinn kæmi aftur.

„Hvernig getur það sem hann og þú sagðir verið ósatt?“ spurði hún.

„Við sögðum það sem afsökun, til að hafa þig rólega barn.“

„Þá hefir þú logið að mér,“ sagði Lispeth, „þú og hann.“

Prestskonan hneigði höfuðið og sagði ekkert. Lispeth þagði líka ofurlitla stund, svo fór hún út og ofan í dalinn, og kom aftur í fjallastúlku búningi, —hræðilega óþrifaleg— en hafði ekki nefdjásnið og eyrnahringana. Hún hafði hárið flétt- að í löngum hárpísk og bundið upp með svörtu bandi, sem fjallastúlkur bera.

„Eg ætla að fara aftur til *míns cigin fólks*,“ sagði hún.

„Þið hafið drepið Lispeth, það er dóttir gömlu Jadeh sem er eftir. —Dóttir „pahara“ og þjónsins frá Tarka Deir. — Þið eruð *ö//* lygarar Englendingar!“

Þegar prestskonan kom til sjálfrar sín aftur, eftir þann hræðilega boðskap, að Lispeth hefði snúið aftur til guða móður sinnar, þá var hún farin, og kom aldrei aftur.

Hún tók villimannlega upp síðu síns eigin fólks, eins og til að bæta upp ógoldna skuld við það líf sem hún hafði yfirgefið, og eftir nokkurn tíma giftist hún viðarhöggvara, sem barði hana eins og er síður „paharanna“, og fegurð hennar fölnaði fljótt.

„Það eru engin lög til, sem hægt er að leggja til grundvallar fyrir dutlungum heiðingjanna,“ sagði prestskonan, „og eg held að Lispeth hafi alltaf verið trúleysingi í hjarta sínu.“

Þar sem Lispeth var tekin inn í ensku kyrkjuna fimm vikna gömul, þá var þessi staðhæfing prestskonunnar, henni til lítils sóma.


Lispeth var mjög gömul kona, þegar hún dó. Hún hafði alltaf fullkomið vald yfir enskunni, og þegar hún var nógu drukkin, var stundum hægt að fá hana til að segja söguna af sínu fyrsta ástaræfintýri.

Þá var erfitt að gjöra sér grein fyrir að þessi sjóndapri, hrukkótti aumingi, —rétt eins og drusla af sviðnum tötrum,— gæti nokkurntíma hafa verið Lispeth frá Kotgarh.

G. A. Þýddi.



— „Því er svá háttat, sem þú veizt, at Krístr átti tólf læri-sveina eðr fleiri, ok kunni sína kreddu hverr þeirra. Nú hefi ek mína kreddu en þú þá er þú hefir numit, ok eru margar kreddur ok er slíkt eigi á eina lund rétt.“ — Þrándur í Götú.



Hvort Buddhas þessi, heiðnum hinn
hallaðist kreddum að,
þriðji kendist við Kóraninn,
kemur í sama stað.
Hið *sanna* ef hann aðeins vill,
eins er hann velkominn:
mörg kristins villa manns var ill
en minni vorkunnin.

Gr. Thomsen.

Nokkrir fornmennt.

GUTTORMUR SIGURÐSSON

Snemma á þessu sumri andaðist á heimili sínu, vestur í Foam Lake byggð íslendinga í Saskatchewan, bænda-öldungurinn *Guttormur Sigurðsson*.

Hann var Austfirðingur, og átti kyn sitt að rekja til hinna fjölmennustu og bestu ætta austanlands. Foreldrar hans voru þau *Sigurður Pálsson*, á Þorgerðarstöðum í Fljótsdal, og *Þorbjörg Jónsdóttir* Vefara úr Mosfellssveit syðra. Systkyni Þorbjargar voru mörg og komust þessi til aldurs: *Halldóra*, gift *Guttormi stúd. Vigfússyni* á Arneiðarstöðum; *Þóra*, gift síra *Einari Hjörleifssyni* á Vallanesi (amma Einars ritstj. Hjörleifssonar); *Margrét*, gift *Sveini* í Vestdal við Seyðisfjörð; *Halla*, gift *Jóni Jónssyni* á Skjöldólfsstöðum á jökuldal; *Sujófríður*, gift *Birni Hannessyni* á Brúnahvammi í Vopnafirði; síra *Pétur* á Valþjófsstað; síra *Jón* á Klippstað í Loðmundarfirði; *Einar* bóndi á Skeggjastöðum í Fellum; *Þorsteinn* bóndi í Brekkugerði í Fljótsdal.

Guttormur er fæddur 24 Febr. 1837, að Geitagerði í Fljótsdal í N. Múlasýslu, samhljóða prestsþjónustubók Valþjófsstaðar prestakalls. Í landnámssögubætti Dakota-Íslendinga, í almanaki Ó. Þorgeirssonar, er hann sagður ættaður af Langanesi, og er það eitt af mörgum mishermum í þeim þætti, og ætti sú saga að vera rituð á ný, ef menn vilja geyma sanna sögu þess byggðarlags.

Guttormur ólst til fulltíða aldurs hjá foreldrum sínum, unzt hann kvongaðist eftirlifandi ekkju sinni, *Ólöfu Sölvadóttir*, *Einarsonar Jónssonar*, en móðir Ólafar var *Þorbjörg Jónsdóttir*, *Þorsteinssonar* frá Melum í Fljótsdal. Það var þann 7. Okt. 1860, og reistu þau bú, fyrst að Hrappsgærðiensvo að Fossvöllum í Jökulsárhlíð, en árið 1878 fluttust þau að Galtastöðum í Hróarstungu og voru þar unzt þau fluttust hingað vestur sumarið 1883.

Settust þau fyrst að nálægt Pembina í N. Dak. og eftir tæp 2 ár færðu þau sig til íslenzku byggðarinnar suðaustur af Hallson.

Árið 1896 fluttist Guttormur aftur með fólk sitt austur til Minnesota ríkis, til hinnar svonefndu Roseau nýlendu, en er Íslendingar tóku sig þaðan upp 1903, fór hann vestur til Saskatchewan til hinnar þá nýmynduðu Foam Lake byggðar, og andaðist þar eins og áður er sagt, úr brjóstveiki er hann hafði þjáðst af í mörg ár.

Jarðarför hans fór fram þann 3. Júní, að viðstöddum fjölda manns og töluðu yfir líkinu frændi hans, síra Einar Vigfússon frá Desjamýri og Dr. Sig. Júl. Jóhannesson. Guttormur var jarðsettur á heimajörð sinni og hvíldu þar fyrir tveir ættingjar hans.

Fyrst eftir að Guttormur kom til Dakota byggðarinnar tók hann þátt í Lútherskum kyrkjumálum, en hvarf brátt þar frá er frjálslýndar trúarhreyfingar byrjuðu þar í byggð með Menningarfélagsmönnum og trúboði Björns heitins Péturssonar, frænda hans. Enda átti Guttormur aldrei heima í orþodoxum félagsskap. Ríkt í huga hans bjó sjálfstæðis þráin, er illa unír öllum höftum og fyrirskriftum. Meðan honum entist aldurinn til, eftir það, var hann einbeittur og áhugaríkur stuðningsmaður frjálslýndra trúmála. Þann tíma sem hann bjó í Roseau í Minn., stóð hann í Unitarískum söfnuði hjá Síra Magnúsi J. Skaptasyni, og eftir að vestur kom, til hinnar nýju byggðar við Foam Lake, sýndi hann hinn sama áhuga og velvilja fyrir þeim málum, með því að vilja styrkja þau fyrirtæki er miðuðu í þá átt.



Guttormur Sigurðsson.

Það er því með ánægju og þakklæti að Heimir minnst hans að hann var einn meðal margra vorra gömlu landnámsmanna hér, er vildi að hlutskifti niðjans, hér í þessu nýja landi, mætti verða andlegt frelsi og sjálfstæði, engu síður en veraldlegt. Trúna á mátt og megin mannanna áleit hann hollari og meir til giftu en trúna á ómátt og ómegin.

Að mörgu leyti var Guttormur einkennilegastur og íslenzkastur manna. Hann var bóndi í sjón og raun, eins og þeir gjörðust í fornri tíð, heimilis margur og engra manna matarþurfi. Oft var hann fár í viðmóti við fyrstu kynningu, lágtalaður en fastmæltur, og þó undirniðri glettinn og gamansamur. Hann var rauður á hár og skegg, meir en meðalmaður að vexti, þrekinn vel en lítið eitt lotinn í herðum, bláeygður og brýndur vel, upplitsdjarfur og sviprúður, ekki ör til svars en orðsæll.

Í fáum orðum verður Guttórmi Sigurðssyni ekki lýst. Hann var alla daga vinsæll maður, fastur í lund, karlmenni og mannskapsmaður, og þó átti hann ekki lund með öllum. Hann var skoðanafrjáls, djarfur og hreinlyndur, vinur vina og fyrirmenni, mátti þar ætíð mann sjá þar sem hann var. Meðan heilsa hans leyfði, tók hann þátt í byggðamálum, og var hann þar jafnan hreinn og heill, en fast sótti hann það, sem hugur hans bauð honum og heyrðist ekki við, þó einhverjir væri móti.

Dagsverk hans verður ekki talið hér, en skarð er höggvið í landnámsmanna hóp vorn við burtför hans, og það mikið.

Hann eftirlætur 6 börn, 2 dætur, báðar giftar, og býr önnur heima á Íslandi, en hin (*þorbjörg*) vestur við haf. Synir hans (4) *Hallgrímur*, *Sigurður*, *þórarinn* og *Jón*, búa vestur í Foam Lake.

Hans er sárt saknað af vinum og vandamönnum, því við burtför hans er brottkallaður góður drengur og sannur Íslendingur.



SMÁ-PISTLAR

eftir

ROBERT G. INGERSOLL.



ÁST OG VEGSEMD.

Fyrir stuttri stundu stóð eg á leiði Napoleons — stórkostlegur legsteinn með skrautlegri gullgreyptri áletran, nógu kostulegur fyrir dautt goð að hvíla undir—og starði á kistu hans úr svarta, Egypska marmaranum, þar sem njóta sinnar síðustu hvíldar bein hins hvíldarlæusa manns. Eg hallaðist fram á járngrindurnar og rendi huganum yfir æfiskeið hins hraustasta kappa síðari alda. Eg sá hann ráfa eftir Signu-bökkum, með því áformi að fyrirfara sér—eg sá hann í Toulon—eg sá hann bæla niður skrílinn í París—eg sá hann í broddi fylkingar á Ítalíu—eg sá hann fara yfir Lodi-brúna, með þrílita flaggið í hönd sér—eg sá hann á Egyptalandi, í skuggum Pýramídanna—eg sá hann brjótast yfir Alpafjöllin og veifa Erninum franska að örnunum fjallanna—eg sá hann í Marengo—í Ulm og í Austerlitz. Eg sá hann á Rússlandi, þegar fótgöngulið snjóalandsins og riddarafylking klakamerkurinna tvístruðu hersveitum hans, eins og Vetur þyrlar þurrum trjáblöðum—eg sá hann í Leipzig, í öföllum og óláni—sá hann hrakinn undan þúsundum byssustingja heim til Parísar aftur—sá hann fangaðann eins og dýr í búi—eg sá hann forða sér og taka aftur keisaradæmið með hugviti sínu og herkænsku.—Eg sá hann á hinum óttalega orustuvelli við Waterloo, þar sem óhöpp og örlög hjálpuðust að að eyðileggja framtíð síns fyrverandi drottnara—og eg sá hann á St. Helenu, með hendurnar krosslagðar fyrir aftan bakið, starandi einmana út á þögult, endalaust hafið. Mér kom til hugar allir þeir, sem hann hafði gjört að föðurleysingjum og ekkjum—öll þau tár, sem feld hafa verið fyrir hans vegsemd—og sú eina kona, sem nokkurn tíma hafði elskað hann, dregin út úr hjarta hans, með köldum klóm drotnunargirinnar. Og eg sagði, að eg hefði heldur viljað vera franskur bóndi, með tréskó á fótum

mér. Eg hefði heldur viljað búa í lágu hreysi, með fléttaðann vínvið fyrir dyrustafi og horfa á berin roðna undan kossum haust-sólarinnar. Eg hefði heldur viljað vera bláfátækur bóndi, með ástríka konu við hlið mér, er sæti við þrjóna sína í rökkriinu, með börnin á knjám mér og arma þeirra um háls mér; eg hefði heldur viljað vera sá maður, og hverfa ofan í þvingandi þögn hins dreymandi dufts, heldur en vera keisaraleg persóna, valdagjörn, drápgjörn og fræg eins og Napoleon mikli. Já, eg vildi það heldur—þúsund sinnum heldur.—

HETJUR OG HRÆSNARAR.

Trúid þið því, að mér finnst stundum að allir hræsnarar heim:sins eigi ekki einn einasta ærlegan blóðdropa til í æðum sínum. Mér þykir illt að vita til þess, að nokkur maður hafi nokkurntíma dáið píslarvættisdauða fyrir trú sína. Eg vildi að þeir, sem það geta, öfluðu sér vegsemdar á annan auðveldari hátt. Það er sorglegt að sjá góðum og trúum manni fórnfært, fyrir dálítinn flokk af hálfgjörðum skepnum og villidýrum. En það eru altaf til menn, einhverstaðar, sem ekki vilja víkja hársbreidd út af réttum vegi. Það eru altaf, einhversstaðar til göfug hjórtu, viljug til að deyja fyrir háleita sannfæringu; og væri það ekki fyrir slíka menn, þá værum við enn í dag jafnir viltum rándýrum merkurinnar. Það hafa verið til menn sem ekkert vildu *eta ofan í sig aftur*; og hefðu þær fáu, hraustu hetju-sálir ekki verið til, á öllum öldum, meira og minna, þá værum vér ennþá mannætur, með dýramyndir brendar á brjóst vor, dansandi kringum eitthvert höggorms-skurðgoðið.

Þegar eg les þessar hræðilegu bækur, finnst mér stundum að eg hafi orðið að þola allar píslirnar sjálfur. Mér finnst eg hafa staðið á strönd útlegðarlandsins, og horft tár votum augum í áttina til föðurlandsins og heimkynna minna. Mér finnst eg hafa legið bundinn fram á einhverri sandströndinni, bíðandi þess, að verða svelgdur af flæðandi öldum hafsins. Mér finnst sem neglurnar hefðu verið rifnar af fingrum mér og nálum

stungið í blæðandi kvikuna. Mér finnst eins og fætur mínir hafi verið krepptir í þröngum járnskóm, eins og eg hefði verið hlekkjaður niður í jarðhýsi Rannsóknar-réttarins,¹⁾ hlustandi með deyjandi von eftir fótataki lausnarinnar, mér finnst eg hafa legið á höggstokknum og séð glitrandi axarblaðið falla að hálsi mér; mér finnst eg hafa legið á kvalatólinu og séð hvítar ásjónur hræsnisfullra presta lúta yfir mér, mér finnst eins og eg hefði verið tekinn frá arninum á heimili mínu, frá konu minni og börnum, dreginn, fjötraður, fram fyrir alþýðuna; eins og hrís-kösturinn hafi verið byggður í kring um mig og logatungurnar hafi sleikt limi mína og steykt augu mín, unz sjónin hvarf, og eins og öskunni af beinum mínum hefði verið dreift í allar áttir af höndum forlaganna. Og þó eg finni þannig til, þá sver eg, að meðan eg lifi skal eg gjöra það lítið eg get til að auka frelsi manna, kvenna og barna. Eg fyrirlyt þrælahald og hindurvitni, hvar sem er og hvenær sem er. Eg trúi á frelsi, ánægju, ást og gleði, í þessum heimi. Mig undrar að nokkur maður skyldi nokkurntíma voga sér að gjöra eitt og hugsá annað.



FAGRAR MÁLSGREINAR.

—Hvað getum vér gjört? Vér getum hjálpað; hjálpað til að klæða þá nöktu og seðja þá hungruðu, hjálpað til að brjóta hlekkina af þeim sem í þrælkun er haldið. Vér getum hjálpað til að vefa saman hjúp ánægjunnar, sem skryðað skyldi þenna dapra heim.

—Gakk þú um heimin, og vit þú til, að þar sem þú finnur minst af hjátrú og hindurvitnum þar finnur þú bezta menn, beztar konur og best börn. Þar er lyftivél mannfélagsins, ást og skynsemi, stöðugt að iðju sinni. Göfuglyndi er sá eini, rétti mælikvarði til að verðleggja manninn. Það afplánar ótal syndir.

—Eg trúi því að kærleiksríkt heimili sé sá heilagasti helgi-

¹⁾ The Inquisition — Þar sem sakamenn Rómverja voru kærðir meðan þeir biðu dóms. Sjá Rómversk-Kapólsku kyrkjusöguna. Þýð.

dómur sem til er, þar sem ástin og aðrar dyggðir búa. Það er eins og baldursbrá með ljósri krónu—hið fegursta allra blóma.

—Hirðuleysi er ótraustur grundvöllur til að byggja dygðugt franiferði á, og uppgerðar hæverska ætti ekki að geta varnað fólki frá að þekkja sjálft sig. Hvert barn hefir rétt til að vera heiðarlega fætt og heiðarlega uppalið, en hirðuleysið hefir engan rétt til að stjórna heiminum með kirtlaveiki og öðrum uppdráttar kvillum.

—Réttilegur sigur verður aðeins unninn með réttlæti. Sigurlaun réttvísinnar er friður. Sá sem kneppir annan í þrældóm getur ekki verið frjáls sjálfur. Sá, sem gjörir áhlaup á réttlætið ræðst á sama tíma á sig sjálfan.

—Hugrekki án samvizku er eins og ótamið villidýr. Ættjarðarást án lögmáls er mannum hindran, aðeins tjóður við vissan blett.

—Þar sem viljinn yfirgnæfir óttann, þar sem hjartað lofar hugsanina, þar sem skyldan vinnur verk sitt vopnlaus, þar sem ráðvendnin fyrirlítur allt samneyti við dauðann,—þar er sannur hetjudómur.

—Eg vildi óska þess, að þeir sem bjóða oss „góða nótt“ hér vildu bjóða oss „góðan morgun“ hinumegin. Eins lengi og vér elskum hver annan, getum vér vonast eftir öðru lífi. Eins lengi og vér sjáum ástvini vora kyssa hinar köldu varir dauðans, getum vér *vonast* eftir endurfundum. Eg vildi ekki lyfta hönd minni til að slökkva slíka von í nokkru mannlegu hjarta.

E. Á.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: **NOKKRIR ÍSLENDINGAR** Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.